

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulaginu „Iðnaðar- og athafnasvæði vestan Kvernár“ í Grundarfjarðarbæ.

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar samþykkti 10. janúar 2008 breytingu á deiliskipulaginu „Iðnaðar- og athafnasvæði vestan Kvernár“. Deiliskipulagsbreytingin tekur til austasta hluta gildandi deiliskipulags fyrir iðnaðar- og athafnasvæðið vestan Kvernár. Felur það í sér, að skipulagssvæðið er stækkað lítillega til suðurs í suðausturhorni svæðisins og úthlutaðar metralóðir innan skipulagsmarka eru skilgreindar sem afmarkaðar lóðir. Nýtingarhlutfall helst óbreytt nema á Ártúni 5. Aðrir skilmálar og greinargerð gildandi deiliskipulags eru óbreytt. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Grundarfjarðarbæjar, 5. febrúar 2008.

Hjörtur Hans Kolsöe.

B-deild – Útgáfud.: 19. febrúar 2008